

Kortagerð: Landmótun ehf. Nýbýlavegi 6, Kópavogi
Aðalkort er birt með leyfi Landmælinga Íslands

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur, 2007



Gönguleiðir

Hengillssvæðið er fjallendi milli Suðurlandsvegur og Þingvallavatns, frá Mosfellsheiði austur að Grafningsfjöllum. Á svæðinu er flest það sem þrýðir íslenska náttúru; áhuga-vert landslag, hvera- og gígsvæði, fjölbreytt gróðurfar, ár og stöðuvötn. Hér er kjörlið útivistarsvæði allan ársins hring. Unnið hefur verið markvisst að því að búa í haginn fyrir útivistarfólk með neti merktra gönguleiða, upplýsingatöflum, gönguskálum og útgáfu gönguleiðakorts. Orkuveita Reykjavíkur hefur haft veg og vanda af þessu starfi í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu.

Jarðfræði og landslag

Hengillssvæðið er á miðju vestra gosbelti landsins, frá Reykjanesi að Langjökli. Berggrunnur er að mestu móberg sem myndast hefur í gosum undir jökli á síðustu jökulskeiðum Ísaldar. Grafningamegin á svæðinu er röð móbergshryggja sem fylgja ríkjandi sprungustefnu NA-SV og ganga út í Þingvallavatn.

Á Hengillssvæðinu eru 3 eldstöðvakerfi með megineldstöðvum, hverum og laugum. Þetta eru Hveragerðiseldstöð, Hrómundartindskerfi og Hengilskerfi sem er yngst og virkast. Eftir ísöld eru þekkt 4–5 sprungugos á svæðinu. Síðast gaus fyrir um 2.000 árum á 30 km langri sprungu sem náði frá Þrengslum, um Hellsheiði, Innstaðal og í Sandey í Þingvallavatni. Þá rann yngsta hraunið á Hellsheiði og Nesjahraun í Grafningi.

Síðast voru umbrot í Hengilskerfinu árið 1789. Þá glöndaði og seig spilda á sprungubelti sem liggur yfir Dyrafjöll og Hestvík og norður yfir Þingvallavatn milli Almannaájar og Hrafnagjár. Þá seig land um 1–2 m. Hverir og laugar finnast í öllum eldstöðvakerfunum, en þó mest í Hengilskerfinu. Þekktustu hverasvæðin eru í Reykjadal, á Ölkelduhálsi, ofan við Nesjavelli og í Innstaðal.

Gróðurfar

Fyrir landnám óx birkiskógur með fjölbreyttum undirgróðri upp í 3–400 m y.s. á svæðinu. Ofar tók við harðgerður og lágvaxinn fjallagróður og samfelld gróðurþekja náði upp í 5–600 metra hæð. Smám saman breyttist gróðurfar í kjölfar kólnandi veðurfars, skógarmytja og búsetu. Nú er samfelt birkikjarr á afmörkuðum svæðum upp af Þingvallavatni. Birkistofninn er krækilöttur og lágvaxinn en getur þó náð tveggja metra hæð.

Fjölbreytni í gróðri er allmikil, en grasættin er einkenniandi og útbreiddust. Margar gerðir mólendis eru á svæðinu, en það er mest áberandi í Grafningi. Í Ölfusi er land grösugra, en graslendi nær þó sjaldnast yfir stór, samfelld svæði. Á láglandi eru stærstu votlendissvæðin við Villingavatn, Króksmýri og í Dælum austan við Úlfjótshálsfjall, auk minni mýrenda við tjarnir og læki. Allstórt og fjölbreytt flóasvæði er í Fremstaðal. Mýrastór er jafnan ríkjandi tegund í mýrum.

Strjáll bersvæðisgróður vex á melum, en tegundafjöldi er þó mikill. Þar má nefna geldingahnapp, lambgras, blávingul, blóðberg, músareyra, holurt, holtasóley o.fl. Í Nesjahrauni er samfelld breiða af gamburmosa, sem er landnámsplanta á hraunum. Mosinn myndar jarðveg fyrir aðrar tegundir og þar dafna krækilyng, bláberjalýng, blávingull, kornsúra, móasef, túnvíngull, hvítmaðra, gráviðir og fleiri tegundir.

Landgræðsla og skógrækt

Skógrækt hefur verið stunduð með góðum árangri á ýmsum stöðum. Í Hagavík eru elstu barrtré um 50 ára gömul og skátar hafa stundað skógrækt á Úlfjótshálsi um árabil. Orkuveita Reykjavíkur vinnur að umfangsmikilli landgræðslu og skógrækt á jörðum sínum í Grafningi og í Ölfusi.

Dýralíf

Fuglalíf er víða fjölbreytt við vötn og læki. Þekktar eru um 50 tegundir varpflugla á Þingvallasvæðinu, auk 20 tegunda sem sjást reglulega að vetrarlagi. Nokkrar bryttingar á fuglalífi hafa átt sér stað, öndum hefur fækkað og keldusvin eru horfin. Grágæsurn hefur fjölgað og þær halda til í stórum hópum á ræktuðu landi í Grafningi.

Himbrimi er algengur við Úlfjótshálsi og Villingavatn. Fýll verpir m.a. í klettum í Nesjaey, við Hestvík og við Steingrímsstöð. Hann sækir æti um 50 km leið til sjávar og er Þingvallasvæðið sá varpstaður sem er lengst inn til landsins. Stökkönd og skúfönd eru algengar við Úlfjótshálsi og Villingavatn. Kría er algeng við Bæjarvík, Ölfusvatnsvík og Villingavatn. Smyrill verpir í klettum umhverfis vatnið. Haförn verpti í Grafningi í þrjú aldarinnar en sést nú sem flækjgur. Í þjóðsögum er getið svokallaða „hverafugla“ í hverum á Ölkelduhálsi og Hagavíkurlaugum. Þeir voru sagðir litill vexti, dökkleittir og taldir synda í sjóðandi hverum. Sagt var að ekki býddi að sjóða þá, en ef þeir væru látnir í kalt vatn, brögðuðust þeir sem soðnir væru.

Refur, minkur og hagamús eru einu tegundir spendýra sem halda til að staðaldrá á svæðinu. Í Þingvallavatni eru þrjár tegundir fiska, bleikja, urriði og hornslí. Það er eina vatnið í heiminum þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju. Lax gengur upp Sogið að Ýrufossi.

Söguminjar

Margar þjóðleiðir lágu milli byggða um Hengillssvæðið fram eftir öldum. Hellskarðsleið liggur frá Kolviðarhóli austur yfir Hellsheiði og niður hjá Reykjum í Ölfusi. Vegur er milli hrauns og hlíðar, frá Kolviðarhóli, um Hellskarð og síðan austur með Stóra-Skarðsmýrarfjalli yfir Bitru,

um Þverárdal og niður hjá Króki eða Hagavík. Dyravegur liggur frá Elliðakoti við Nátthagavatn, austur yfir Mostellsheiði norðan Lyklafells, um Dyradal og Rauðuflog og niður hjá Nesjavöllum. Við val á gönguleiðum er leitast við að fylgja þessum fornu leiðum.

Nesjavallavirkjun og Hellsheiðarvirkjun

Hengillinn er eitt stærsta háhitasvæði landsins, um 100 km² að flatarmáli. Talið er að hiti á 1 km dýpi sé um eða yfir 250°C og á stórum hluta svæðisins um 300°C.

Á Nesjavöllum er fyrsta jarðvarmaorkuver Orkuveitu Reykjavíkur. Afkastageta virkunarinnar er 120 MW í rafmagni og 1640 l/sek af 83 heitu vatni. Við Kolviðarhól er stöðvarhús Hellsheiðarvirkjunar. Þar er talið að virkjunum inn á samliggjandi svæði er hægt að stækka virkjunina verulega.

Gönguleiðir á Hengillssvæðinu



Þjónusta

Orkuveita Reykjavíkur á tvo litla gönguskála miðsvæðis á lengri leiðum. Annar er í mynni Engidals austast á Mosfellsheiði og hinn undir Dalskarðshnjúk innst í Reykjadal. Skálarnir eru opinir öllum og þjóna öryggishlutverki sem opin sæluhús fyrir útivistarfólk.

Öryggismál

Fjallendi Hengilsins er háhitasvæði þar sem mikið er um sjóðandi hverir og heitar laugar. Sýnið því ítrustu varkárni í nánd við þessa staði. Sýnið einnig gætni þegar farið er um tæpar götur, brattar skriður, eða þar sem hætta getur stafað af grjóthruni eða snjóflóðum. Hafid ávallt meðferðist kort og áttavita.

Ferðist ekki ein ykkar liðs og fylgist vel með veðurspá. Munið að það er engin skómm af því að snúa við í tíma. Almenningsímur eru á þjónustustöðum svæðisins. **Hafid hugfast að fólk ferðast um svæðið á eigin ábyrgð.**

112 er neyðarsími allra landsmanna

Til umhugsunar

- Akið ekki utan vega
- Eyðið ekki eða spillið gróðri
- Truflað ekki dýralíf
- Látið hunda ekki ganga lausa
- Kveikið ekki elda
- Hendið ekki rusli á víðavangi
- Hlaðið ekki vörður
- Letrið ekki á náttúrumyndanir
- Spillið ekki hverum og laugum
- Tjaldið á mertukm tjaldsvæðum

